

Vestmannaeyjabær
b.t. Dagnýjar Hauksdóttur
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 2. nóvember 2022
UST202209-271/A.Þ.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýtt deiliskipulag - Viðlagafjara

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyja er barst 28. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýju deiliskipulagi fyrir Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að breyta landnotkun svæðis í Viðlagafjöru sem í núgildandi skipulagi er skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði E-1. Eftir breytinguna verður það stærsti hluti þess skilgreindur sem iðnaðarsvæði, I-3. Afmörkun svæðisins breytist lítillega og mun hluti svæðis sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði falla undir svæði I-3.

Deiliskipulagstillagan, sem er um 49 ha að stærð, gerir ráð fyrir áframhaldandi efnistöku á svæði E-1. Á svæði I-3 sem er 16,4 ha, er gert ráð fyrir fiskeldi með 11.500 tonna framleiðslu á ári. Deiliskipulagssvæðið nær einnig til vesturs yfir veglínu aðkomuvegar frá Eldfellsvegi. Gert er ráð fyrir 30 fiskeldiskerjum, þjónustubyggingu, tækjahúsi, tönkum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum. Kerin verða mest 15 m há.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um umhverfismatsskýrslu um fyrirhugaða fiskeldisstöð á svæði I-3 þann 21. október sl.¹

Úrgangur

Fyrirhugað er að nýta dauðfisk og slóg í fóður eða meltu. Einnig kemur fram í tillögunni að framkvæmdaraðili, Landgræðslan og Vestmannaeyjabær hafi skrifað undir viljayfirlýsingu um nýtingu fiskmykjunnar til uppgræðslu. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að nýta allan lífrænan úrgang sem fellur til við starfsemina. Stofnunin vill benda á að notkun dauðfisks/meltu til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærstjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar ef nota á fastefnið sem áburð.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á stefnu stjórnvalda sem kom út í júní 2021 um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 og nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að

¹ [Umsögn UST um UMS - fiskeldi Vestmannaeyjum.pdf](#)

auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Frárennsli

Á bls. 9 í tillöggunni segir: „*Stöðin er hönnuð með varaútrás ef tæma þarf eldisker og rekstur viðtakatjarnar gengur ekki sem skyldi. Í slíkum aðstæðum getur óhreinsað afrennsli lent í sjó. Reiknað er með að varaútrás verði notuð 1-2 sinnum á ári í um sólarhring í senn.*“ Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fram komi að fráveituvatni verði ekki veitt óhreinsuðu út um varaútrásina.

Umhverfisstofnun bendir á að ef ekki er talið að hægt verði að leggja fráveitulagnir í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp vegna landfræðilegra aðstæðna getur framkvæmdaraðili sótt um undanþágu til viðkomandi heilbrigðisnefndar, ekki til Umhverfisstofnunar líkt og kemur fram í umhverfismatsskýrslunni á bls. 7.

Fuglar

Í umhverfismatsskýrslu skipulagstillaganna segir að dýralíf sé af skornum skammti og engir sjaldgæfir fuglar séu á svæðinu. Umhverfisstofnun vill benda á að Vestmannaeyjar eru á tillögu að B-hluta náttúruuminjaskrár vegna fjöruvistgerða og fugla. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands² segir um forsendur fyrir tilnefningu svæðisins á B-hluta náttúruuminjaskrár: „*Í Eyjum eru afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla og er stofna nokkurra tegunda sem verpa hér svo til eingöngu að finna þar: skrofu, stormsvölu og sjósvölu. Lundinn er einkennisfugl Vestmannaeyja, enda er þar langstærsta lundabyggð landsins. Aðrar tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru fjöll, skrofa, stormsvala, sjósvala, súla, rita, langvía og álka.*“

Fram kemur í skipulagstillöggunni að mögulega geti myndast fuglager við afrennslið, fuglar geti sótt í viðtakatjörnina og lundapysjur í ljósin á stöðinni. Umhverfisstofnun telur að leggja ætti fram mótvægisáðgerðir.

Jarðminjar

Í tillöggunni kemur fram að engu hrauni verði raskað við framkvæmdirnar. Umhverfisstofnun telur það jákvætt þar sem hraunið umhverfis framkvæmdarsvæðið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í deiliskipulagstillöggunni kemur fram að nýr vegur verður lagður, að mestu í vegslóða sem fyrir er, en að samhliða honum verði lagður 1,5-2 m breiður sameiginlegur hjóla- og göngustígur. Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti nánar um stíginn og hvort hann muni raska hrauni sem nýtur sérstakar verndar.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun fyrir Ísland (2022-2028) var staðfest í apríl sl. af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand

² [Vestmannaeyjar | Icelandic Institute of Natural History \(ni.is\)](https://www.ni.is/)

vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns, sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga því að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta það.

Í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Aðgengi meðfram sjó

Í tillögunni kemur fram að ekki verði heimilt að hamla för akandi, gangandi eða hjólandi vegfarenda að frístundasvæði, gönguleiðum og öðrum útivistarsvæðum. Umhverfisstofnun tekur undir það og bendir á að skv. grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal utan þéttbýlis ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Það er til að tryggja að almenningur komist að og meðfram vötnum, ám og sjó. Einnig er skv. 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 óheimilt að setja niður girðingu á sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur